

gr. 6. tölul. almennra hegningarlaga. Þykir því eftir atvikum refsing hans hæfilega ákveðin 3 mánaða varðhald. En með tilliti til hinnar löngu frelsissviptingar, er hann hefur þegar þolað, þykir mega ákveða, að refsing hans falli niður samkvæmt 76. gr. alm. hegningarlaga beinlínis og analogice. Þá þykir og rétt að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá lögbirtingu dóms þessa að telja samkvæmt 68. gr. hegningarlaganna. Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Einar Arnórssonar hrl., er þykja hæfilega ákveðin 1000 krónur. Málið hefur verið rekið víðalaust.

Dráttur sá, sem orðinn er á dómsuppsögn, stafar af annriki dómarans.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Jens Björgvin Pálsson, sæti 3ja mánaða varðhaldi.

Með tilliti til langvarandi frelsissviptingar hans undir meðferð málsins skal refsivist hans falla niður.

Ákærði skal sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga frá lögbirtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Einar Arnórssonar hrl., kr. 1000.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 28. október 1947.

Nr. 29/1947. Réttvísinn og valdstjórnin

(Hrl. Einar Arnórsson)

gegn

Þorsteini Axel Tryggvasyni

(Hrl. Lárus Jóhannesson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Manndráp af gáleysi. Brot gegn umferðarlögum og bifreiðalögum.

Dómur hæstaréttar.

Það athugast, að aðeins var byrjað að rökkva, þegar slys það varð, sem í málinu greinir. Að öðru leyti er atvikum málsins rétt lýst í héraðsdómi, og verður að telja, að ákærði

hefði getað afstýrt slysinu, ef hann hefði sýnt fullkomna aðgæzlu. Auk refsíákvæða þeirra, er í héraðsdómi greinir, hefur ákærði einnig gerzt brotlegur við 27. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 3000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 30 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá ber og samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna að svipta ákærða rétti til að stjórna bifreið 3 ár.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Þorsteinn Axel Tryggvason, greiði kr. 3000.00 sekt til ríkissjóðs, og komi 30 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur rétti til að stjórna bifreið 3 ár.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar í héraði staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars Arnórssonar og Lárusar Jóhannessonar, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 14. janúar 1947.

Ár 1947, þriðjudaginn 14. janúar, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni, settum sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 85/1947: Réttvisin og valdstjórnin gegn Þorsteini Axel Tryggvasyni, sem tekið var til dóms hinn 7. sama mánaðar.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Þorsteini Axel Tryggvasyni bifreiðarstjóra, Kringlumýrarbletti 23 hér í bæ, fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 3. marz 1915, og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu, svo kunnugt sé.

Um kl. 16,15 mánudaginn 18. nóvember s. l. varð drengurinn Jóhann Kristinn Gunnarsson, fæddur 24. desember 1943, til heimilis á Hverfisgötu 102 A, fyrir vörubifreiðinni R 905 á Skúlagötu og beið samstundis bana. Ákærði, sem var að öllu leyti vel fyrirkallaður, ók bifreiðinni án ækis og var einn í henni. Veður var bjart, gata þurr, malborin, en rökkvað. Ákærði öðlaðist bifreiðastjóra-réttindi á siðastliðnu sumri og keypti þá bifreiðina og hafði stundað akstur hennar í um þrjá mánuði fyrir slysið. Bifreiðin var gömul, af gerð 1931, og var að sumu leyti ábótavant. Hraðamæli vantaði í hana, þegar ákærði keypti hana, og hafði hann, þegar slysið varð, ekkert gert til að bæta úr því. Framvari hennar hafði brotnað hálfum mánuði fyrir slysið, og kveðst ákærði hafa gert ráðstafanir til að fá úr því bætt, en ekki hafi það verið komið í kring fyrir slysið. Vinstra afturhjólið var laust á öxli, og hafði ákærði reynt að gera við það, en ekki tekizt. Tveimur eða þremur dögum fyrir slysið hafði ákærði orðið þess var, að stýrisvélin var laus í grindarfestingu, og var það ætlun hans að láta gera við það, en ekki hafði orðið úr framkvæmd þess, þegar slysið varð. Við skoðun bifreiðaeftirlitsmanna á bifreiðinni eftir slysið fundust þessir gallar, og enn fremur reyndist vinstri framhjólselfgufesting laus, en þess hafði ákærði ekki orðið var. Bifreiðaeftirlitsmennirnir, sem skoðuðu bifreiðina, hafa vottað, að hemlar hennar hafi verið í því ástandi, að hvorki megi telja þá góða né heldur slæma, og heldur annar eftirlitsmannanna því fram, að þeir hafi verið í svipuðu ástandi og hemlar í jafngömlum bifreiðum og þessari séu almennt. Handhemlarnir voru talsvert kraftmeiri en fóthemlarnir. Ljós bifreiðarinnar voru í lagi og útsýn úr stýrishúsi góð.

Þegar slysið varð, ók ákærði bifreiðinni vestur Skúlagötu, ca. 2 metra frá syðri götubrún samkvæmt framlögðum uppdráttum, á 15—17 km hraða, miðað við klukkustund, að hans sögn, en á 15—20 km hraða, miðað við klukkustund, samkvæmt eiðfestum framburði vitnisins Petrúnar Gunnþórunnar Sigurðardóttur, skála nr. 2 við Háteigsveg, sem var eini sjónarvottur slyssins. Sunnan og austan móta Skúlagötu og Barónsstígs stendur langur herskáli, og við austurenda hans er skáli, sem er inngangur í teppagerð, en milli þessa inngangs og enda langa skálans er vik. Vestan til við miðju norðurhliðar langa skálans er lítið vik inn í skálahliðina. Skálinn liggur eigi samsíða gangstéttarbrúninni norðan hans. Er bilið frá skálan-

um að gangstéttarbrún 5—10 metrar, mest austast, minnst vestast. Götulýsing var eigi önnur á slysstaðnum en 150 vatta pera í norð-austurhorni skálans. Þegar ákærði kom á móts við skálann, sá hann engan framundan, hvorki drenginn né Petrúnu, sem þó var á gangi austur syðri gangstétt Skúlagötu, framan við skálann. Allt í einu sá ákærði drenginn hlaupa norður yfir götuna í veg fyrir bifreiðina, skjótast fyrir bifreiðina, og var þá mjög lítið bil milli hennar og drengsins, á að gizka hálfur metri. Við þessa sjón kom fát á ákærða, og telur hann sig ekki hafa hemlað bifreiðina þá þegar. Skipti það svo engum togum, að bifreiðin ók yfir drenginn, en þegar það hafði gerzt hemlaði ákærði, og nam þá bifreiðin mjög brátt staðar. Ákærði fór þá út úr bifreiðinni. Hafði þá áður nefnd Petrún tekið drenginn upp og hélt á honum. Ákærði tók við drengnum af henni og fór með hann í Landsspítalann í bifreið, sem þarna bar að. Ekki sá ákærði þá neitt lífsmark með drengnum, og blæddi mikið úr höfði hans.

Vitnið Petrún Gunnþórunn Sigurðardóttir hefur borið, að þegar hún gekk austur með skálanum og var stödd nálægt miðju skálans, hafi hún séð drenginn koma út úr viki eða sundi milli skála og hlaupa fremur hratt þvert út á götuna. Segir eigi hafa verið skemmrá frá sér að drengnum, þegar hann hljóp út á götuna, en 2—3 metra. Hún sá svo drenginn hlaupa fyrir bifreiðina. Segir hún, að drengurinn hafi hlaupið alveg fyrir bifreiðina og eiginlega á bifreiðarhjólið, og virtist henni bifreiðarstjórinn ekki hafa, eins og á stóð, ráðrúm til að afstýra slysinu. Henni virtist drengurinn fyrst verða fyrir vinstra framhjóli bifreiðarinnar, sá hann síðan veltast undir bifreiðinni og hún heldur, að vinstra afturhjól hafi einnig farið yfir hann. Hún ber, að þegar bifreiðin hafi numið staðar, hafi drengurinn legið allt að því bifreiðarlengd aftan við hana. Vitnið hljóp strax til drengsins og tók hann upp, en sá ekki lífsmark með honum. Í sömu svifum kom ákærði að og tók við honum, eins og áður segir.

Framburður þessa vitnis er staðfestur með eiði.

Vitnið Guðmundur Hansson, Kjartansgötu 10, sem var að vinna í teppagerðinni, þegar slysið varð, kom á slysstaðinn rétt eftir slysið og sá þá hemlaför eftir R 905 frá blóðpolli í götunni að afturenda hennar, þar sem hún stóð, og virtist honum hemlaförin vera greinilegri hægra megin. Önnur vitni, sem á slysstaðinn komu rétt eftir slysið, hafa ekki getað gefið neinar skýrslur, er máli þykja skipta, um það, hvernig slysið varð. Það er upplýst, að drengurinn, sem varð fyrir slysinu og var að öllu leyti eðlilegt barn, var í þetta sinn gæzlulaus úti. Hann var klæddur ljósgráum samfesting og hafði dökkgræna prjónahúfu á höfði. Af málavöxtum, sem nú hefur verið lýst, þykir sýnt, að aðalástæða slyssins hafi verið sú, að drengurinn hljóp út á götuna í veg fyrir bifreiðina. Þetta gerðist í dimmu á stað, sem eigi var gæzlulausra smábarna von á, og hefur

hvort tveggja valdið því, að ákærði sá ekki drenginn fyrr en raun varð á. Drengurinn hlýtur þó að hafa verið svo langa stund að hlaupa frá skálanum í veg fyrir bifreiðina, að ákærði hefði séð hann fyrr en hann gerði, ef hann hefði veitt öllum kringumstæðum við aksturinn nána athygli, sem krefjast verður af stjórnendum ökutækja. Enn fremur bar ákærða að hemla bifreiðina, um leið og hann kom auga á drenginn, enda þótt það hefði, ef til vill, þá verið orðið um seinan að forða slysi. Vera má, að afleiðingar slyssins hefðu orðið aðrar, ef ákærði hefði gætt þessa. Samkvæmt þessu hefur gáleysi ákærða að nokkru leyti valdið bana drengsins, og hefur hann því gerzt brotlegur við 215 gr. hegningarlaganna og enn fremur við 2. gr. og 4. gr. 3. mgr. sbr. 14. gr. umferðarlaganna. Með því að aka bifreið án hraðamælis hefur ákærði brotið 9. sbr. 38. gr. bifreiðalaganna, en aðrir ágallar bifreiðarinnar þykja eigi varða refsingu samkvæmt bifreiðalögunum. Með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna þykir refsing ákærða fyrir framangreind brot hæfilega ákveðin varðhald í 30 daga. Svo ber og að svipta ákærða bifreiðastjóraréttindum í eitt ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Lárusar Jóhannessonar, kr. 300.00.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Þorsteinn Axel Tryggvason, sæti varðhaldi í 30 daga og er sviptur bifreiðastjóraréttindum í eitt ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Lárusar Jóhannessonar, kr. 300.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.